

Þarf allan þennan tíma í verkin

Á viðamikilli sýningu Guðjóns Ketilssonar í Listasafni Reykjanesbæjar má sjá Sköpunarsöguna í tímabundnu veggverki, útgáfu listamannsins á öllum Passíusálmunum og ljóð úr trjágreinum.

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

Á annan endavegg hins langa salar Listasafns Reykjanesbæjar hefur myndlistarmaðurinn Guðjón Ketilsson dregið upp sköpunarsögu Gamla testamentisins. Það tók hann marga daga að skapa þetta stóra veggverk sem hefst með „Í upphafi var orðið...“ og hann hefur gert það að sínu persónulega myndverki með grænleitum lit; orð og stafir breytast í tákni og renna saman í heillandi vef lína og forma þess frábærlega slynga handverksmanns sem Guðjón er. Á andstæðum vegg eru fimmtíu ramar með þéttum vef stafa í teikningum, þar hefur Guðjón skrifað upp eða teiknað með sínum hætti alla Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Á lengsta veggnum eru tíu ljóð, mótuð úr blámáluðum trjágreinum, og annað stórt veggverk er úr sama efniviði – og þá eru ónefndir skúlptúrar listamannsins úr bókum og húsgögnum.

Sýning Guðjóns verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar klukkan 18 á morgun, föstudag og hann kallar hana *Teikn*. Öll verkin fjalla á einhvern hátt um tungumálið, táknmerkingu og „lestur“ í víðum skilningi.

Guðjón er einn markverðasti myndlistarmaður þjóðarinnar. Hann hefur haldið yfir þrjátíu einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víða um lönd. Hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og skapað verk sem sjá má í opinberu rými hér á landi og erlendis.

Í raun þrælkomponerað

Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, en auk hans ritar skáldið Sjón hugleiðingu í sýningaraskrá um „fundit myndletur“ Guðjóns, þar sem hann grennslast fyrir um hugsanlegan boðskap þess.

Þá eru birt ljóð sem Sjón orti við fimm ljóðanna sem Guðjón skapaði úr greinum tjáa og sýnir.

Pegar við Guðjón göngum saman um salinn milli verkanna segir hann að með vali á heiti sýningarinnar *Teikn*, sé vísað til teikningarinnar sem verkin eigi sameiginlega og svo felst í orðinu ákveðin opinberun. Undanfarna áratugi hefur Guðjón unnið með hina ýmsu miðla myndlistarinnar, jöfnum höndum þrívíddarverk og teikningar, og eru þau hvorttveggja í senn vöfundarsmíði og hugleiðingar um tilvist manns – jafnt þau spor sem hann markar með gjörðum sínum og þær aðferðir sem hann notar til að gera sig skiljanlegan í menningarlegu nærumhverfi sínu.

Tíu ljóð Guðjóns eru afar falleg, virðast fljótt á lituð skrifuð með finlegri, flúraðri rithönd en eru í raun mótuð úr blámáluðum trjágreinum sem standa út frá veggnum.

„Þessar greinar urðu efniviður fyrir hálfgerða tilviljun,“ útskýrir Guðjón brosandi. „Heim til mín barst harðort bréf frá borginni um að í garðinum hjá okkur væri tré sem slútti yfir gangstéttina og það þyrfti að fjarlægja af því greinarnar. Ef ég gerði það ekki innan nokkurra daga þá yrði það gert á minn kostnað. Ég var hálf full yfir þessu en fékk mér stiga, fór upp í hann og byrjaði að klippa greinarnar af. En þegar ég leit niður á jörðina á vaxandi greinahauginn þá fannst mér ég sjá þar tengingu við verkin sem ég var þá líka að vinna að úr texta á vinnustofunni. Ég hugsaði með mér að það væri verið að segja mér eitt hvað – þetta voru teikn!“

Hann ítrekar að teikningin bindi verk sýningarinnar saman en líka tungumálið, texti og umbúnaður texta.

„Hvað varðar þessi ljóð hér á veggnum, sem ég hef eytt umtals-



Morgunblaðið/Einar Falur

Listamaðurinn Guðjón Ketilsson í sal Listasafns Reykjanesbæjar. Til hægri er túlkun hans á Sköpunarsögunni.

verðum tíma í, þá er þetta sjónrænt tungumál sem byggist á sjónrænu spili. Að auki myndast einhverskonar merking með ryþmanum milli verkanna og uppsetningunni. Við Sjón ræddum þessi verk fram og til baka og mikið um blæbrigðin sem mætti finna með uppsetningunni. En áður en við Sjón hittumst hafði ég unnið talsvert með greinarnar á vinnustofunni og hafði farið út í að mála þær með þessu bláa bleki – ég reyndi að finna út hvaða blek hefði verið í blekbyttu skólastjórans í barnaskólanum, mig langaði að vísa til þess, og þá mótaðist þessi ímyndaða handskrift. Ég leitaði eftir því hvað og hvernig mætti tjá sig með þessari hrynjandi einfaldlega með vali á greinum – þetta er í raun þrælkomponerað. Uppsetningin vísar til

ljóðlína og orða í ljóðum; þetta er mitt á milli þess að komponera í orðum og skapa afstrakt myndir.

Pegar Sjón kom að skoða þetta á vinnustofunni hellti ég yfir hann spurningum. Mig langaði til að vita hvernig ljóðskáld hugsa, um sjónræna uppsetningu ljóðanna og hrynjandina í þeim út frá innihaldinu. Sjón skrifaði svo um þetta grein sem er í skránni og hann hafði líka áhuga á að „þýða“ einhver ljóðanna; hann orti ljóð upp úr fimm þeim fyrstu hér á veggnum og þau eru birt í sýningaraskránni.



Í byrjun braut ég ljóðin bara upp í fjórar línur, gerði ferskeytlur! En eftir samtalið við Sjón fór ég að leika meira með formin. Ég grúskaði mikið meðan ég vann að verkunum – og hef aldrei lesið jafn mikið af ljóðum!“

Snúid upp á sköpunina

Við ræðum um stóra verkið sem Guðjón hefur skapað á vegginn upp úr Sköpunarsögunni. Hann segist hafa farið í þetta í kjölfar þess að hafa gert Vóluspá í röð grafikverka en hún er sköpunarsagan í norrænni trú.

„Mér fannst spennandi að vinna með Fyrstu Mósebók frá upphafi til enda og hef gert nokkrar útfærslur af því. Mig langaði til að geta gengið inn í þann heim – og sú hugsun kallaði á þetta stóra veggverk hér,“ segir Guðjón. „Að vissu leyti snýst verkið um það að snúa upp á sköpunina með því að eyða henni og afbyggja; gera hana í raun ólæsilega.“ Og hann útskýrir verklagið þannig að hann geri teikningu úr hverjum bók-





Ljóð Eitt tíu ljóða Guðjóns á sýningunni, öll eru gerð úr bláum greinum.

staf sköpuarsögunnar og þær renni saman í eitt. „Um leið og ég eyði þekktanlegum lestexta skapa ég nýtt úr honum. Við þekkjum þetta í allri sköpun í lífinu þar sem í hringrásinni takast alltaf á sköpun og eyðilegging, það er andrættur lífsins.“

Þegar Guðjón er spurður að því hvort honum finnst ekki erfitt að eyða mörgum dögum í að skapa stórt verkið hér til þess eins að eyðileggja það eftir sýninguna, þá brosir hann og segir að þvert á móti þá finnst sér eitthvað gott við að hafa verkið ekki endanlegt. „Þar kemur annað sjónhorn á hringrásina. Ég teikna á vegginn, svo verður málað yfir teikninguna. En ef ég geri þetta aftur þá verður það allt annað verk.“

Allir sálmannir á 19 mánuðum

En hvað með Passíusálmana í fimmtíu teikningum?

„Fyrir tveimur árum hélt ég til vinnustofudvalar í Róm. Ég var þá byrjaður að vinna með þessa skrift og langaði að taka Passíusálmana fyrir, þar er píslarsagan og hún var eitt helsta viðfangsefni allra listamanna barokksins og endurreisnarnar sem má sjá út um allt í kirkjum Róm. Svo var ég líka í Róm í föstumánuðinum og það tengdist Passíusálmunum. Ég stefndi á að skrifa upp alla sálmana fimmtíu og koma þeim á harða diskinn um leið.“ – Guðjón bankar á höfuð sér – „ég ætlaði að læra þá alla.“

Tókst það?

„Nei, í stuttu máli sagt þá mistókst hvort tveggja!“ Hann hlær. „Það tók mig í allt níttján mánuði að



Teikning Einn Passíusálmanna.

skrifa alla sálmana fimmtíu en ég byrjaði í Róm, lagði þar línurnar, en náði ekki að gera helminginn, þetta var mjög mikil vinna.“ Og hann útskýrir vísindalega niðurröðun orða og lína á myndflötinn þar sem allt þarf að ganga upp í gríðarlegri nákvæmnisvinnu; sálmannir eru grunnurinn en svo tekur formhugsun myndlistarmannsins efniviðinn yfir. Þess má geta að á morgun kemur út bók með útgáfu Guðjóns af Passíusálmunum, hönnuð af Ámunda Sigurðssyni, aðeins fimmtíu árituð og tölusett eintök.

Guðjón bendir á að Hallgrímur hafi byrjað á Passíusálmunum árið 1656 en það sama ár hafi spænski meistarinn Velasquez málað Las Meninas, eitt merkasta verk myndlistarsögunnar.

„Ég nálgast þessa texta, Sköp-

unarsöguna og Passíusálmanna, ekki sem trúarleg fyrirbæri – þótt ekki sé hægt að ganga heldur fram hjá þeirri staðreynd. Fyrst og fremst er þetta mjög sterkur þáttur í menningu okkar Íslendinga og merkur litteratúr,“ segir hann.

Alltaf að horfa

Þegar horft er á skúlptúrana á gólfinu, bæði nýja og eldri, þá eru bækur efniviður í þeim öllum. Guðjón bendir á að bækur séu geymsla fyrir tungumálið og að sér þyki spennandi að takast á við það marglaga form. „Þú sérð að sumar þessar bóka eru auðar, aðrar marglesnar. Mér þótti spennandi að spegla þessa tíu ára gömlu skúlptúra hér í nýju texta- og tungumálaverkunum.“

Eins og á fyrri sýningum Guðjóna er handverkið aðáunartvert. Hvaða máli skiptir það hann í listinni?

„Fyrir mér skiptir tíminn aðallega máli,“ svarar hann. „Stundum fer ég fram úr mér í vinnunni og þarf þá að bakka, vinna hægar, og stundum eru margar u-beygjur í vinnuferlinu. En ferlið er hægt og verður að vera það. Það er ekki eins og ég sé að reyna að vera einhver fullkominunarsinni hvað handverkið varðar heldur þarf ég bara þennan tíma í verkin.“

Guðjón er fjölhæfur listamaður, hann teiknar, sker út, slípar, malar, skrifar – og allt með sama vandaða verklaginu. Þegar orð er haft á því segir hann að fólk bendi sér stundum á að það mætti gera verkin með fljótlegri hætti en hann þurfi bara að leggja sinn tíma í þau.

„Yfirleitt verða verkin til í höndunum og á seinni árum hef ég mikið farið að nota fundið efni. Ég hef til dæmis notað gömul húsgögn og fatnað í skúlptúra, rétt eins og greinarnar sem ég klippti af trjánum. Ég sá bara út úr þeim verk. Kannski hringrásin enn á ný.“

Ég held það eigi við um mig eins og svo marga aðra myndlistarmenn að ég er alltaf að horfa. Ég er alltaf á höttunum eftir einhverju sem getur nýst mér í myndlistinni og þá er sama hvort maður horfir kringum sig í finni verslun eða niður í göturæsi – það er sama drævið.

Og svo er hitt, að það er ekki mikill munur á því að setja saman verk og að setja saman sýningu eins og þessa. Maður er að komponera. Á sýningum þurfa að vera andstæður og togstreita, rétt eins og samhljómur milli verka; allt eru það sömu þættirnir og maður færst við alla daga í myndsköpuninni.“